

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Hekluskarð, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 10. desember 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Hekluskarð úr landi Litla Klofa í Landsveit. Verið er að breyta afmörkun deiliskipulagssvæðisins þar sem aðkoma að Hekluskarði 1 (L205145) er ekki lengur um afleggjara út frá Þjóðvegi nr. 26 (Landvegur að Leirubakka) heldur hefur aðkoman verið færð á nýjan afleggjara út frá vegi að Stóru-Völlum. Afmörkunin breytist einnig að norðvestanverðu svo hún nái yfir lóð B4, L209909, sem skipta á upp í 4 skika, Hekluskarð 2, 3, 4 og 5. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 30. desember 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 15. janúar 2026